

# Aðalfundur Hverfisnefndar Naustahverfis haldinn þann 5. júní 2008 í leikskólanum Naustatjörn.

Fundarstjóri: Hrafnhildur E. Karlsdóttir

Fundarritari: Ólöf Inga Andrésdóttir

Hrafnhildur setti fundinn og bauð fólk velkomið. Átján íbúar mættu á fundinn fyrir utan stjórnarmeðlimi. Einnig voru á fundinum Pétur Bolli Jóhannesson skipulags- og byggingafulltrúi Akureyrarbæjar, Guðríður Friðriksdóttir og Einar Jóhannsson frá Fasteignum Akureyrarbæjar.

## 1. Skýrsla stjórnar

Bjarni Sigurðsson formaður las skýrslu stjórnar (sjá fylgiskjal).

## 2. Kosning nýrrar stjórnar

Hrafnhildur ræddi um það hvað erfiðlega hefur gengið að halda fólki í hverfisnefndinni en aðeins þrír eru eftir af þeirri stjórn sem kosin var í upphafi og höfðu þeir allir ákveðið að gefa ekki kost á sér áfram. Niðurstaðan varð sú að þessir þrír ákváðu að halda áfram ásamt fimm til viðbótar sem buðu sig fram til starfa.

Ný Hverfisnefnd Naustahverfis

Aðalmenn:

Hrafnhildur E. Karlsdóttir	Hólatúni 4 nh
Bjarni Sigurðsson	Stekkjartúni 8
Ólöf Inga Andrésdóttir	Stekkjartúni 27
Ásdís Birgisdóttir	Pílutúni 6
Anna Sjöfn Jónasdóttir	Sokkatúni 5

Varamenn:

Björk Guðmundsdóttir	Þrumutúni 1
Gísli Rúnar Magnússon	Stekkjartúni 18
Sigurður Sveinn Ingólfsson	Baugatúni 1

## 3. Naustaskóli

Guðríður Friðriksdóttir frá Fasteignum Akureyrarbæjar sagði frá byggingaráætlun og framkvæmdarhraða varðandi Naustaskóla. Hún kynnti hvernig staðið hefði verið að undirbúningsvinnunni og hvenær til stæði að hefja skólastarf í skólanum. Haustið 2009 verður fyrsti áfangi tilbúinn en skólinn á að verða

fullbyggður haustið 2012. Skiptar skoðanir komu fram á fundinum hvað varðar fyrirkomulagið í skólanum. Hann verður byggður með opnum rýmum sem eiga að falla að þeirri hugmyndafræði sem skólinn byggist á. Einnig eru íbúar í óvissu þar sem ekki er á hreinu hvaða árgangar nemenda verða teknir inn í fyrsta áfanga skólans. Búið er að auglýsa eftir skólastjóra sem mun taka til starfa við undirbúning skólastarfsins þann 1. ágúst 2008.

#### 4. Önnur mál

- Spurt var út í Bónusverslun sem til stendur að reisa í Naustahverfi og svaraði Pétur Bolli að styttest færi í hana. Í dag er engin verslun í hverfinu.
- Umræða var um lóðir nr. 24-30 við Stekkjartún. Þar hafa byggingaframkvæmdir staðið í stað í langan tíma. Búið er að taka grunnana en uppgröfturinn er í moldahaugum og finnst íbúum við götuna þetta óviðunandi. Pétur Bolli svaraði því til að verið væri að vinna í þessu máli og framundan væri að beita dagsektum á framkvæmdaraðila.
- Spurt var út í malbikunarframkvæmdir við Baugatún og Ásatún og svörin þau að ekki stæði til að malbika þar í sumar.
- Umræður spunnust um aðstöðu fyrir börnin í hverfinu og er það mikið hitamál hjá hverfisbúum. Fram kom að búið væri að útbúa fótboltavöll í Naustaborgum og í hverfinu væru grenndarvellir og síðan hefðu börnin aðstöðu á leikskólanum Naustatjörn þegar skólinn væri búinn á daginn.

## Skýrsla stjórnar.

### Hverfisnefnd Naustahverfis var stofnuð 1. febrúar 2007, og voru kosnir 5 aðalmenn og 3 varamenn

Aðalmenn:

Bjarni Sigurðsson	Stekkjartúni 8
Hrafnhildur E. Karlsdóttir	Pílutúni 10
Hallveig B. Höskuldsdóttir	Lækjartúni 8
Helgi Már Bárðason	Stallatúni 6
Hjálmar Guðmundsson	Mýrartúni 8

Varamenn:

Eva Reykjálín Elvarsdóttir	Lækjartúni 6-301
Ólöf Inga Andrésdóttir	Stekkjartúni 27
Friðbjörn Möller	Lækjartúni 6

Haldnir voru 9 nefndarfundir á árinu, 2 fundir með stjórnsýslunefnd, 2 sameiginlegir fundir með hverfisnefndum, 1 fundur með skólanefnd og 1 fundur með skipulagsnefnd, að ótöldum þeim klukkustundum sem við eyddum á 3. hæð skipulags- og framkvæmdadeildar, og hundruðum tölvupósta sem gengu á milli stjórnarmanna, íbúa og starfsmanna Akureyrarbæjar.

Við höfum aðallega beint sjónum okkar að skipulagsmálum þar sem Naustahverfi er nýtt hverfi og margir hafa nefnt það sem skipulagt slys. Við ásamt bæjarbúum áttum þátt í að stöðva hækkun á blokk í Stekkjartúni úr 3 hæðum í 5 hæðir. Við höfum verið dugleg við að ýta á skipulagsyfirvöld um að gera nauðsynlega hluti eins og leiksvæði fyrir börnin en því miður klúðraði framkvæmdadeild bæjarins því að gera leiksvæði neðan við Mýrartún í fyrra og fluttust þeir fjármunir ekki á milli ára þannig að í ár á að sá í völlinn og verður hann því ekki tilbúinn fyrir en í fyrsta lagi næsta sumar. Við höfum sent inn bréf til framkvæmdaráðs og óskað eftir annarri forgangsöröðun þannig að völlurinn verði tilbúinn með þökum og mörkum í sumar. Einnig höfum við fengið spurnir af því að sett verði upp fótboltamörk í Naustaborgum og teljum við það vel, við komum óánægju okkar á framfæri við skólanefnd vegna seinkunar skólans en nú er farið að grafa og skólinn á að taka til starfa í ágúst 2009.

Skiptar skoðanir eru meðal starfandi hverfisnefnda um hlutverk þeirra, hvort þær eigi að taka afstöðu til hinna ýmsu mála eða ekki eða vera skemmtinefnd fyrir íbúana, eins og til dæmis hverfisnefnd Lunda- og Gerðahverfis. Hún gat andað léttar eftir að Kristján Þór Júlíusson fyrrverandi bæjarstjóri frestaði ákvörðun um lagningu Dalsbrautar um 2 ár en við hins vegar

tókum þann pólinn að taka afstöðu og reyna að þrýsta á bæjaryfirvöld um að bæta og halda sig við skipulag hverfisins.

Ekki er hægt að komast hjá því að nefna Dalsbrautina, en við teljum að Dalsbraut sé ein að meginforsendum þess að hverfið byggist upp og má því til stuðning nefna Borgarbrautina sem var forsenda fyrir uppbyggingu Giljahverfis og það er mjög mikilvægt að halda Dalsbrautarumræðunni vakandi svo hún verði lögð hið fyrsta.

Á fundi með stjórnarsýslunefnd og öllum hverfisnefndum í síðustu viku var rætt um tilgang og framtíð nefndanna, og sitt sýnist hverjum og kom fram að margir telja álit hverfisnefndanna hafi lítið vægi innan stjórnarsýslu og embættismannakerfis Akureyrarbæjar. Erindisbréf hverfisnefndanna hlutverk og tilgangur þeirra er afar almennt orðaður og var verkefnið sett á stofn sem tilraun, nefndirnar áttu sjálfar að móta sér farveg og því eru þær mjög ólíkar enda hverfin mis gömul og gróin. Það kom fram eindregin vilji á fundinum að kjörnir fulltrúar bæjarins myndu sér skoðun á tilgangi og til hvers er ætlast af hverfisnefndum bæjarins, íbúalýðræði og hverfisnefndir eru skrautfjaðrir og tískuorð í dag. Hvað gert er með það sem kemur úr þessari vinnu er kjörnum fulltrúum í sjálfsvald sett.

Upphaflega hverfisnefnd Naustahverfis samanstóð af 5 aðalmönnum og 3 varamönnum eins og áður hefur komið fram, og ákváðum við strax að boða alla nefndarmenn aðal- og varamenn á fundina, 2 varamenn sáu sér aldrei fært að mæta, ritarinn flutti úr bænum með fundargerðabókina og síðan hefur okkur enn verið að fækka og nú stöndum við eftir þrjú. Það er því í höndum þessa aðalfundar að ákveða hvert framhaldið verður, við höfum tekið þá afstöðu að ef ekki fæst fólk til að starfa í þágu hverfisins þá leggjum við nefndina niður hér í kvöld. Við erum tilbúin að starfa áfram ef við náum að fullmanna nefndina í kvöld, ég hef hins vegar ákveðið að láta af formennsku og vil að aðrir dragi vagninn. Hér á eftir getum við rætt um tilgang nefndarinnar undir önnur mál.

Ég hef þá lokið máli mínu að sinni og gef Hrafnhildi orðið.

